

Lokaskýrsla

Verkefni: Undirbúningur fyrir stofnun MOF – Miðstöð rannsókna á orkuferlum

Inngangur

Árið 2006 var stofnaður vettvangur orku og stóriðjurannsókna sem kallast VOR <http://www.vor.hi.is/> með þátttöku stofnana og fyrirtækja sem starfa á sviði orkuöflunar og orkunýtingar. Markmið samstarfsins er efla orku og stóriðjurannsóknir við Verkfræði og raunvísindasvið, Háskóla Íslands með því að stuðla að nýjum rannsóknaverkefnum, kynningu á starfsemi fyrirtækja og rannsóknaniðurstöðum nemenda.

Framkvæmd

Til að ná fram markmiðum umsóknar hefur VOR – ið staðið fyrir eftirfarandi kynningum :

Orkudagur

Kynning á orkufyrirtækjum meðal nemenda hjá Verkfræði og raunvísindasviði HÍ Orkudagurinn er haldinn á haustmisseri og er tilgangurinn að vekja áhuga nemenda á þessu fagsviði. Dagurinn hefur verið haldinn tvisvar með góðri þátttöku fyrirtækja og nemenda.

VOR – þing

Kynning á rannsóknum meistara- og doktorsnemenda á sviði orkuframleiðslu og stóriðju. Vor – þingið er haldið á vormisseri og hefur stuðlað að auknu rannsóknar-samstarfi þátttökuaðila með kynningum og hugarflugsfundi fyrir ný verkefni.

Kappaksturinn mikli

Vistvænustu bifreiðar landsins taka þátt í Kappakstrinum mikla þar sem kappið í akstrinum snýst um sparneytni, lágan eldsneytiskostnað og litla mengun. Markmiðið er að bera saman sparneytin ökutæki og nýja orkubera í raunhæfum akstri, ásamt því að vekja athygli nemenda á nýjum lausnum fyrir farartæki.

Fjármögnun

Undirbúningur að stofnun Vorsins var fjármagnaður með styrk úr Orkusjóði en starfsemin er fjármögnuð af Verkfræðistofnun og samstarfsaðilum.

Styrkupphæð kr. 760.000,- hefur farið í að greiða Guðrúnu Sævarsdóttur laun á árinu 2006, en hún sá um undirbúning að stofnun VORSins og uppsetningu á heimasíðu þess.

Greitt kr. 260.000,-

Eftirstöðvar kr. 500.000,-

Þess er óskað að eftirstöðvar verði greiddar inn á reikning Háskóla Íslands kt. 600169-2039 Reikningur: 137-26-476 Viðfangsnúmer: 1515-151210

Magnús Þór Jónsson, prófessor
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands